

Sp. 127. Tillaga til þingsályktunar [99. mál]

um greiðslu á hlutafjárframlagi ríkissjóðs til Iðnaðarbanka Íslands h/f.

F'lm.: Áki Jakobsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða þegar allt hlutafjárframlag ríkissjóðs til Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Greinargerð.

Nú er verið að ganga frá stofnun Iðnaðarbanka Íslands h/f, en um hann voru sett lög á síðasta Alþingi. Mikil nauðsyn er á því, að bankinn geti tekið til starfa sem fyrst, og eru miklar vonir tengdar við starf hans. Iðnaðarmenn í landinu hafa sýnt mjög mikinn áhuga á stofnun bankans, og mun nú vera búið að safna því hlutafé, sem Landssambandi iðnaðarmanna og Félagi íslenskra iðnrekenda var ætlað að safna. Þegar svo er komið, er engin ástæða til að draga það, að ríkissjóður greiði sitt hlutafjárframlag, enda mundi greiðsla þess gera bankanum kleift að hefja starfsemi. Fjármálaráðherra mun hafa færzt undan að greiða nema $\frac{1}{4}$ hlutafjárins að svo stöddu, eða 750 þús. kr. af 3 millj. kr. hlutafjárframlagi. Ef þessu fer fram, má búast við, að Iðnaðarbankinn geti ekki tekið til starfa fyrr en eftir 1—2 ár í fyrsta lagi.

Ég tel mikla nauðsyn, að Iðnaðarbankinn taki til starfa sem fyrst, en skilyrði þess er, að ríkisstjórnin leggi þegar fram allt það hlutafé, sem Alþingi hefur lofað að leggja bankanum.